Spurningar aðalfundar LS til framboða til Alþingis hinn 29. október 2016.

1. Strandveiðum var komið á 2009 og lögfestar ári síðar. Á sl. sumri voru 664 bátar á strandveiðum. Alls fóru bátarnir í 14.868 sjóferðir og fiskuðu 9.136 tonn. Að meðaltali voru sjóferðir 22 á hvern bát og afli 13,8 tonn að meðaltali sem gera 614 kg í hverri sjóferð.

   Strandveiðar hafa reynst mikil lyftistöng hinna dreifðu byggða um land allt. Hægt hefur verið að treysta á komu og veiðar þeirra ár hvert. Aflameðferð þrátt fyrir sumarhita hefur verið til fyrirmyndar. Með strandveiðum hefur fiskvinnslan getað tryggt betur afhendingu á ferskum fiski allt árið um kring. Heimildir til strandveiða er ekki hægt að selja þar sem hver sá sem á bát getur fengið leyfi til veiðanna.

   Smábátaeigendur eru ánægðir með strandveiðikerfið og telja það hafa opnað tækifæri til róðra með hóflegum tilkostnaði auk þess að sætta betur sjónarmið innan stjórnkerfis fiskveiða.

   Strandveiðum er m.a. ætlað að stuðla að nýliðun í útgerð. Krafa smábátaeigenda er að tryggja að veiðarnar megi stunda samfellt mánudag – fimmtudags og að ekki komi til stöðvunar veiða á strandveiðitímabilinu maí til og með ágúst.

   Spurt er: Styður flokkurinn / fylkingin kröfu smábátaeigenda?

   Ef svarið er já:

   Ætlar flokkurinn / fylkingin að gera kröfu smábátaeigenda sem eitt af sínum forgangsmálum á Alþingi þannig að breytingin skili sér fyrir 1. maí 2017?

2. Samkvæmt lögum um veiðigjöld er ekki gerður greinarmunur á fyrirtækjum varðandi álagningu gjaldsins. Það er skoðun smábátaeigenda að slík mismunun hafi orðið til að fækka fyrirtækjum í útgerð sem ekki hafa vinnslu á bakvið sig.

   Spurt er: Styður flokkurinn / fylkingin tillögu smábátaeigenda um að útgerðir sem ekki hafa vinnslu á bakvið sig greiði lægra veiðigjald en aðrar útgerðir?

3. Tugur smábáta hófu veiðar á makríl árið 2010 þegar hans varð vart á veiðislóð þeirra. Fyrir þann tíma hafði makríll nær eingöngu verið veiddur af stærri skipum.
   Makrílveiðar smábáta fóru hægt af stað, en árið 2013 gekk hins vegar mikið magn af honum á veiðislóð þeirra. Hátt í 100 smábátar voru samstundis mættir á miðin. Makrílveiðar smábáta voru hafnar fyrir alvöru. Adam var þó ekki lengi í paradís þar sem stjórnvöld ákváðu að kvótasetja veiðarnar. Það var stærsti áhrifavaldur þess að bátum fækkaði úr 120 niður í 50 á árinu 2015.
   Krafa LS er að hlutdeild smábáta í heildarafla makríls eigi að vera 16%, sem er jafnt og í Noregi og veiðarnar eigi að vera frjálsar.

   Spurt er: Hver er afstaða flokksins / fylkingarinnar til kröfu smábátaeigenda?